



# Samþykktir

## um frístundastyrk í Langanesbyggð

### 1. Markmið

*Markmið og tilgangur frístundastyrksins er:*

- Að styrkja 6 til 18 ára börn, aldraða og öryrkja í Langanesbyggð til þátttöku í uppbyggilegu frístundastarfi og auka möguleika til þátttöku óháð efnahag.
- Að ýta undir aukna hreyfingu og félagsþátttöku 6 til 18 ára barna.
- Að vinna gegn óæskilegu brottfalli í eldri aldurshópum iðkenda.

### 2. Styrkir fyrir aldraða og öryrkja

Samtök eða hópar eldri borgara, 67 ára og eldri og öryrkja, geta sótt um styrki til sveitarfélagsins vegna æfinga íþróttá til greiðslu á kostnaði við íþróttapjálfun eða tómsundaiðkunar.

### 3. Frístundastyrkur

- Frístundastyrkurinn er kr. 38.000 á árinu 2023, fyrir einstakling á aldrinum 6 til 18 ára.
- Frístundastyrkurinn er fyrir börn með lögheimili í Langanesbyggð.
- Frístundastyrk er úthlutað til foreldra/forráðamanna vegna greiddra þáttökugjalda hjá þeim félögum og/eða fyrirtækjum sem samkvæmt ákvörðunar velferðar- og fræðslunefndar eru með viðurkennda starfsemi sem fellur undir þessar samþykktir.
- Gert er ráð fyrir að tímabil hvernar styrkveitingar sé almanaksárið og yrði því styrkurinn til ráðstöfunar frá og með 1. janúar ár hvert.
- Réttur til frístundastyrks fyrir hvert ár fellur niður í árslok. Ónýttir frístundastyrkir geymast ekki milli ára.
- Hægt er að skipta frístundastyrknum niður á fleiri en eina tómsundaiðju en ekki þarf að ráðstafa öllum frístundastyrknum í einu.
- Styrkhæft er hvers konar reglulegt íþróttá- og tómsundastarf. Ungmenni 13 ára (við upphaf 8. bekkjar) – 18 ára, geta nýtt styrkinn til kaupa á 3-12 mánaða kortum í líkamsræktarstöð. Leiki vafi á afgreiðslu úrskurðar velferðar- og fræðslunefnd um styrkhæfi.

### 4. Framkvæmd frístundastyrks

Um er að ræða beingreiðslur til foreldra /forráðamanna barns. Úthlutun frístundastyrkja fer fram í gegnum sveitarfélagið. Foreldri/forráðamaður greiðir þáttökugjöld í nafni barns síns og framvísar frumriti kvittunar ásamt umsóknareyðublaði til skrifstofu Langanesbyggðar.

*Á kvittun skal koma fram:*

- Nafn og kennitala iðkanda
- Tímabil og heiti námskeiðs
- Nafn íþróttafélags /námskeiðs
- Heildarupphæð greiðslu fyrir námskeið
- Dagsetning greiðslu

*Á umsóknareyðublaði foreldri/forráðamanns skal koma fram:*



1. Nafn og kennitala iðkanda
2. Nafn og kennitala forráðamanns
3. Tímabil og heiti námskeiðs
4. Sú upphæð sem óskað er eftir í styrk. (Athugið, ekki er hægt að ráðstafa hærri upphæð hverju sinni til styrkveitingar en námskeiðið kostar)
5. Upplýsingar um bankareikning sem styrkur er greiddur inn á
6. Dagsetning umsóknar
7. Undirskrift foreldris/forráðamanns

Að jafnaði eru styrkir greiddir til foreldra/forráðamanna fyrsta virka dag næsta mánaðar.

Tiltekið námskeið þarf þó að vera innan almanaksársins.

## 5. Undanþágur og vafaatriði

Velferðarnefnd hefur heimild til að veita undanþágu frá þessum reglum. Ef upp koma vafaatriði mun nefndin skera úr um það.

## 6. Annað

Verði ofgreiðsla á frístundastyrk er áskilinn réttur til að krefjast endurgreiðslu styrksins að fullu. Sé ofgreiðsla á grundvelli rangra upplýsinga eða umsækjandi ekki tilkynnt um breytingu á högum sínum sem hafa áhrif á greiðslu frístundastyrks er heimilt að leggja dráttavexti á upphæð endurkröfunnar.

*Samþykkt í sveitarstjórn 15. júní 2023.*